



Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi

Reykjavíkur 10. september 2019.

STEFNA

Eskja hf.
kt. 630169-4299
Leirubakka 4
735 Eskifirði

GERIR KUNNUGT: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu, kt. 540269-6459, Arnarhvoli.

I. Dómkröfur:

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á fjártjóni stefnanda sem leiddi af því að fiskiskipum stefnanda:

1. Aðalsteini Jónssyni SU-11 (skipaskrárnr. 2699 vegna áranna 2015 - 2016),
2. Jóni Kjartanssyni SU 311 (skipaskrárnr. 1525 vegna áranna 2015 - 2016),
3. Aðalsteini Jónssyni SU-11 (skipaskrárnr. 2929 vegna áranna 2017 - 2018) og
4. Jóni Kjartanssyni SU 111 (skipaskrárnr. 2949 vegna áranna 2017 – 2018),

var með ákvörðunum Fiskistofu, á grundvelli reglugerða nr. 532/2015, 284/2016, 295/2017 og 351/2018, úthlutað minna aflamarki í makríl árin 2015 til 2018, en skylt var samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati dómsins.

II. Fyrirsvar og málflutningsumboð:

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Erna Þorsteinsdóttir, stjórnarformaður, kt. 250777-5589, Bleiksáhlíð 33, 735 Eskifirði.

Fyrirsvarsmaður stefnda er fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, kt. 260170-5549.

Einar Þór Sverrisson hrl., Mörkinni lögmannsstofu hf. Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda, sem jafnframt er stjórnarmaður í stefnanda.



III. Málavextir:

1. Hinn 6. desember 2018 fóllu í Hæstarétti Íslands, dómar í málunum nr. 508/2017, Huginn ehf. gegn íslenska ríkinu og nr. 509/2017, Ísfelag Vestmannaeyja hf. gegn íslenska ríkinu.
2. Með dómunum var viðurkennt að stefndi, íslenska ríkið, beri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem Ísfélagið og Huginn kynnu að hafa beðið vegna þess að nánartilgreind skip í eigu fyrirtækjanna voru á árunum 2011 til 2014 með ákvörðunum Fiskistofu, sem tekna voru á grundvelli reglugerða, úthlutað minni aflaheimildum í makríl en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.
3. Stefnandi höfðaði sams konar mál gegn íslenska ríkinu með stefnu útgefinni 14. júní 2016. Samkomulag var um það við stefnda að það mál myndi bíða úrlausnar, þar til niðurstaða Hæstaréttar lægi fyrir í málum Ísfélagsins og Hugins.
4. Að gengnum þeim dóum var hinn 28. maí sl., gerð dómsátt milli stefnanda og stefnda í því máli, þar sem stefndi viðurkenndi að bera skaðabótaábyrgð á því fjártjóni, sem stefnandi kunni að hafa beðið vegna þess að nánartilgreindum skipum í eigu stefnanda var úthlutað minni aflaheimildum í makríl en skylt var skv. lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. dskj. nr. 3. Í sáttinni var vísað til dóma Hæstaréttar í málum Hugins og Ísfélagsins. Stefnandi setti inn fyrirvara þess efnis að sáttina væri ekki hægt að túlka með þeim hætti að með gerð hennar hefði stefndi viðurkennt að stefnandi hefði orðið fyrir fjártjóni.
5. Til að gæta þess að skaðabótkrafa vegna áranna 2015 og áfram fyrnist ekki er mál þetta höfðað sem viðurkenningarmál, en stefnandi hyggst gefa út stefnu í framhaldinu á hendur stefnda til greiðslu skaðabóta vegna þess fjártjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna þess að skipum stefnanda var úthlutað minni aflaheimildum í makríl á árunum 2011 til og með 2018, en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. og tilgreinda dóma Hæstréttar Íslands.
6. Að öðru leyti eru atvik málsins þau að fiskiskip stefnanda, sem tilgreind eru í dómkröfu (hér eftir nefnd „skip Eskju“), hafa stundað makrílveiðar í efnahagslögsögu Íslands og á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu, frá því skipulegar veiðar á makríl hófust hér við land.
7. Makríll er skilgreindur sem deilistofn, þ.e. stofn sem veiðist bæði innan og utan efnahagslögsögu Íslands. Makrílveiðar íslenskra skipa innan efnahagslögsögunnar voru frjálsar fram til ársins 2008, en það ár voru veiðarnar í fyrsta sinn takmarkaðar við tiltekið magn (heildarafla) á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, með reglugerð nr. 863/2008 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa utan lögsögu árið 2008.
8. Frá árinu 2009 hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gefið út reglugerðir ár hvert um stjórn makrílveiða íslenskra skipa, sem hafa kveðið á um tiltekinn heildarafla íslenskra skipa í makríl. Reglugerðirnar hafa tekið bæði til veiða í íslenskri lögsögu og á alþjóðlega hafsvæðinu.
9. Árið 2015 gaf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra út reglugerð nr. 532/2015 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2015. Þar var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl fyrir árið 2015 ákveðinn 172.964 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2015 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var



úthlutað 120.795 lestum. Með þessum hætti var því um 70% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu, þ.e. þeirra skipa sem fyrst hófu veiðar á makríl.

10. Með reglugerð nr. 284/2016 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2016 var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl ákveðinn 147.824 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2016 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var úthlutað 105.863 lestum. Með þessum hætti var því um 72% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu.
11. Með reglugerð nr. 295/2017 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2017 var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl ákveðinn 168.464 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2017 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var úthlutað 109.972 lestum. Með þessum hætti var því um 66% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu.
12. Með reglugerð nr. 351/2018 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2018 var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl ákveðinn 134.772 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2018 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var úthlutað 86.652 lestum. Með þessum hætti var því um 65% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu.
13. Reglugerðirnar voru settar samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.
14. Samkvæmt gögnum Fiskistofu námu heildarveiðar íslenskra skipa á makríl 36.510 tonnum árið 2007, 112.336 tonnum árið 2008, 116.142 tonnum árið 2009 og 121.993 tonnum árið 2010, sbr. dskj. 4. Árin 2008-2010 veiddu skip Eskju 9,83% af veiddum heildarafla íslenskra skipa á því tímabili. Ef miðað er við þrjú bestu veiðítímabil skipa Eskju síðustu sex árin fyrir 2011 nemur hlutdeild þeirra 9,58%.
15. Fiskistofa ákvarðaði aflamark skipa Eskju í samræmi við þá forskrift sem ákveðin var í ofangreindum reglugerðum ráðherra. Í samræmi við þær var skipum Eskju úthlutað um 6,98% af heildaraflanum árið 2015 eða aflamarki sem nemur 12.070 tonnum, 6,9% árið 2016 eða 10.583 tonnum, 6,54% árið 2017 eða 10.994 tonnum og 6,57% árið 2018 eða 8.682 tonnum.
16. Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs stefnanda, Páll Snorrason, hefur reiknað út fjártjón stefnanda vegna skertra aflaheimilda í makríl á árunum 2011-2014 og 2015-2018, með hliðsjón af dónum Hæstaréttar. Í samantekt hans, sbr. dskj. nr. 5, er mögulegt fjártjón stefnanda fundið þannig að reiknaður er út hagnaðarmissir stefnanda sökum þess að aflaheimildir í makríl voru ekki hlutdeildarsettar árið 2011, eins og Hæstiréttur hefur staðfest að hafi átt að gera. Í því skyni áætlar Páll Snorrason þann hagnað sem stefnandi hefði hlotið ef aflamarki hefði verið úthlutað miðað við að makríll hefði verið hlutdeildarsettur og aflamarki úthlutað miðað við aflahlutdeild sem miðuð væri við þrjú bestu veiðítímabil einstakra skipa á undangengnum sex veiðítímabilum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og dóma Hæstaréttar. Er þá miðað við veiddan afla á þremur bestu veiðítímabilum skipa Eskju á árunum 2006 til 2010, heildarafla þessara þriggja tímabila lagður saman fyrir skip Eskju og hlutdeild þess í heildarafla tímabilsins þannig fundin. Þannig er fundið út hver aflahlutdeild skipa Eskju hefði



að réttu lagi átt að vera árið 2011, ef makrílstofninn hefði verið hlutdeildarsettur samkvæmt framansögðu. Gert er ráð fyrir að sú aflahlutdeild hefði svo haldist óbreytt á milli ára frá árinu 2011, svo sem lög kveða á um. Samkvæmt framangreindum forsendum er það niðurstaða samantektar Páls Snorrasónar að hagnaðarmissir stefnanda á árunum 2015-2018 geti verið a.m.k. 1.339 m.kr.

17. Í útreikningum Páls Snorrasónar er við mat á hagnaðarmissi stefnanda stuðst við svokallaða jaðarframlegð makríls hjá stefnanda, fyrir hvert ár á tímabilinu 2015 til 2018, byggt á upplýsingum og gögnum úr fjárhagsbókhaldi stefnanda. Jaðarframlegð er skilgreind sem sú framlegð sem áætlað er að hver viðbótareining (hér hvert kg. af makríl) skili stefnanda. Til að áætla jaðarframlegð er breytilegur kostnaður dreginn frá tekjum hvers skilgreinds tímabils og deilt niður á fjölda kílóa af makríl. Niðurstöður útreikninga á jaðarframlegð og hlutfallslegri skiptingu aflans eru síðan notaðar til að reikna áætlað framlegðartap stefnanda sem er talið jafngilda hagnaðarmissi.
18. Sé aflahlutdeild skipa Eskju reiknuð út þannig að hún hefði átt að grundvallast á aflareynslu miðað við þrjú bestu veiðitímabil skipsins á undangengnum sex veiðitímabilum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og forsendur í dóum Hæstaréttar í málum Hugins og Ísfélagsins hefði aflahlutdeild skipa Eskju átt að verða 9,58% öll árin 2015 til 2018, sbr. dskj. nr. 6. Árið 2015 nemur skert aflahlutdeild stefnanda því um 2,6%, sem samkvæmt framangreindum forsendum leiðir til hagnaðarmissis sem áætlað er 208 m.kr. Árið 2016 er skerðingin 2,67% og áætlaður hagnaðarmissir 229 m.kr., árið 2017 3,03% og áætlaður hagnaðarmissir 453 m.kr. og árið 2018 3% og áætlaður hagnarmissir 446 mkr., sbr. dskj. nr. 5 og 6. Heildarhagnaðarmissir stefnanda á árunum 2015-2018, samkvæmt framansögðu, telst því kr. 1.339 m.kr.
19. Á dskj. nr. 7 er að finna staðfestingu á því að skip Eskju veiddu makríl á þeim árum, sem mál þetta nær til.
20. Stefnandi telur sig samkvæmt framansögðu hafa orðið fyrir tjóni og er hann því knúinn til að höfða viðurkennингarmál þetta á hendur stefnda, samhliða því sem hann áskilur sér rétt til að höfða dómsmál vegna beins fjártjóns, sem af þessum rástöfunum stefnda hefur hlotist.

IV. Málsástæður og lagarök

21. Þess er krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á fjártjóni stefnanda sem leiddi af því að fiskiskipum stefnanda, Aðalsteini Jónssyni SU-11 (skipaskrárn. 2699 vegna áranna 2015-2016), Jóni Kjartanssyni, SU 311 (skipaskrárn. 1525 vegna áranna 2015-2016), Aðalsteini Jónssyni SU-11 (skipaskrárn. 2929 vegna áranna 2017-2018) og Jóni Kjartanssyni SU-111 (skipaskrárn. 2949 vegna áranna 2017-2018) var með ákvörðunum Fiskistofu, á grundvelli reglugerða nr. 532/2015, 284/2016, 295/2017 og 351/2018, úthlutað minna aflamarki (kg.) í makríl árin 2015 til 2018, en skylt var samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórni fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. og niðurstöðu Hæstaréttar í málunum nr. 508 og 509/2017.
22. Stefnandi höfðar mál þetta sem viðurkennингarmál samkvæmt heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með vísan til tilgreindra dóma er byggt á því að lögvarðir hagsmunir sé til staðar og nægar líkur hafi verið að því leiddar að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Framlögð gögn sýna að stefnandi hefur orðið fyrir verulegu fjártjóni vegna skertrar



aflahlutdeildar á árunum 2015-2018 og er það tjón grundvöllur kröfugerðar stefnanda í þessu máli. Stefnandi áskilur sér rétt til að höfða skaðabótamál vegna beins fjártjóns í framhaldinu og dómkveðja matsmenn ef þurfa þykir. Telur stefnandi augljóst að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu dómsins um dómkröfur sínar.

Um úthlutun árið 2015 til 2018 og meint tjón stefnanda.

23. Stefnandi byggir á því að úthlutun veiðiheimilda til makrílveiða til skipa Eskju árin 2015-2018, hafi verið of lítil enda bar stefnda að hlutdeildarsetja makrílstofninn þegar á árinu 2011, sbr. dóma Hæstaréttar í áðurgreindum málum Hugins og Ísfélagsins. Eins og fyrr greinir hefði hlutdeildarsetning það ár falið í sér að hlutdeild skipa stefnanda í leyfilegum heildarafla hefði verið fastsett og hún þar með orðið hærri en raunin varð, bæði árið 2015 og árin á eftir. Telur stefnandi að hinir tilvitnuðu dómar Hæstaréttar hafi beint sönnunargildi um þetta.
24. Stefnandi byggir á því að ákvæði laga nr. 151/1996 gildi um makrílveiðar íslenskra skipa innan og utan íslenskrar lögsögu. Reglur ráðherra verði að vera í samræmi við lögini. Svo hafi ekki verið allt frá árinu 2011, þ.m.t. á árunum 2015-2018, sem mál þetta nær til. Með reglugerðum var tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr makrílstofninum, en veiðireynsla var orðin samfelld árið 2011. Samkvæmt 1. málslíð 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 gildi sú regla að sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr stofni, sem um ræðir í 1. mgr. lagagreinarinnar og samfelld veiðireynsla sé á, skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Það hafi ekki veri gert, sem fól í sér að stefnanda var úthlutað minni aflaheimildum, en hann átti rétt til. Það hafi valdið stefnanda tjóni, sem stefndi beri ábyrgð á. Þegar og af þeirri ástæðu beri að taka dómkröfur stefnanda til greina.
25. Samkvæmt tilgreindum dóum bar ráðherra að tryggja að við úthlutun á aflahlutdeild í makríl frá og með árinu 2011 yrði aflahlutdeild einstakra skipa stefnanda ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabilin á undangengnum sex árum, enda var þá komin á samfelld veiðireynsla á makrílveiðum í skilningi laga. Aflahlutdeild skipa Eskju miðað við þrjú bestu veiðitímabilin fyrir 2011 nemur 9,58%. Stefnda bar því að réttu lagi við úthlutun áranna 2015 til 2018 að haga úthlutun í makríl þannig að hlutdeild stefnanda í leyfilegum heildarafla yrði sú hlutdeild en ekki á bilinu 6,54% til 6,98% eins og gert var. Fól þetta í sér skerðingu á aflahlutdeild upp á 2,6% til 3,03% eða 3.973 til 5.096 tonn og samtals á tímabilinu 17.662 tonn af aflamarki í makríl.
26. Með tilgreindum dóum Hæstaréttar var niðurstaðan sú að stefndi bæri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem kynni að hafa orðið vegna þess að úthlutað var minni aflaheimildum. Í því felst að háttsemi stefnda var saknæm og ólögmæt í skilningi reglna skaðabótaréttar, og þess utan í andstöðu við reglur stjórnsýsluréttar.
27. Stefnandi byggir á því að sú staðreynd að úthlutun aflahlutdeilda í makríl til stefnanda varð minni en ef hún hefði byggst á veiðireynslu skipa hans svo sem lagaskyldu bar til hafi leitt til stórfellds fjártjóns í formi hagnaðarmassis vegna skertrar aflahlutdeilda, sem er að lágmarki u.b.b. 1.339 m.kr. vegna alls tímabilsins 2015-2018 og er þá ótalið fjártjón vegna áranna 2011-2014. Telur stefnandi þannig engum vafa undirorpíð að saknæm og ólögmæt háttsemi stefnda hafi valdið sér stórfelldu fjártjóni sem teljist sennileg afleiðing háttseminnar. Um útreikning



vísast til þess sem hér hefur verið rakið. Áskilinn er réttur til að koma með nýjan útreikning á síðari stigum, þ.m.t. hærri fjárhæð.

28. Stefndi ber skaðabótaábyrgð á því fjártjóni stefnanda sem af þessu hátterni hlaut.

V. Tilvísanir til laga og annarra réttarheimilda

29. Skaðabótakrafa stefnanda er reist á almennum reglum skaðabótaréttar. Þá er byggt á reglum stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar um að stjórnsvaldsathafnir þurfi að byggjast á lögum og vera í samræmi við lög, þ.a m. að byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Einnig er byggt á lögum nr. 116/2006 um stjórni fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og meginreglna íslensks réttar um fordæmisáhrif dóma. Um varnarþing málsins vísast til 3. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um heimild til að krefjast viðurkenningardóms vísast til 2. mgr. 25. gr. þeirra laga. Krafa um málskostnað byggist á 130. gr. sömu laga.

VI. Sönnunargögn:

30. Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram skjöl sem styðja framangreinda málsatvikalýsingu. Meðal gagna málsins eru samantekir sem unnar eru af starfsmanni stefnanda, Páli Snorrasyni og yfirlit yfir úthlutun aflaheimilda frá Fiskistofu.
31. Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn og/eða dómkveðja matsmenn undir rekstri málsins eða höfða nýtt mál, sem tekur til fjártjóns stefnanda vegna áranna 2011 til 2018, ásamt því að kalla aðila og vitni til skýrslutöku fyrir dómi eftir því sem ástæða er til og málsástæður stefnda kunna að gefa tilefni til.

VII. Fyrirkall og áskorun um þingsókn:

Samkvæmt framangreindu stefnist hér með Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, til heimilis að Bakkaflöti 2, Garðabæ, f.h. íslenska ríkisins, að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, Dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, þriðjudaginn 10. september 2019 kl. 10:00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má hann búast við því að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur skal vera 3 sólarhringar.

Reykjavík, 11. júní 2019

f.h. stefnenda,

Einar Þor Sværrisson, hrl.



Mér nægilega birt, f.h. stefndu, sem hafa falið mér að sækja þing við þingfestingu málsins og halda uppi vörnum. Hef móttokið samrit stefnu.

Reykjavík 13/6 2019
f.h. stefndu,

Farmay Rós Þorsteinsd. hrl.
V/Endur Karl Hallvarðss. tilisbögum.



Mörkin lögmannsstofa hf.

Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi

Reykjavíkur 10. september 2019.

STEFNA

Vinnslustöðin hf.
kt. 700269-3299
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjum

GERIR KUNNUGT: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu, kt. 540269-6459, Arnarhvoli.

I. Dómkröfur:

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á fjártjóni stefnanda sem leiddi af því að fiskiskipum stefnanda:

1. Kap VE 4 (skipaskrárnr. 1742 vegna áranna 2016 - 2018),
2. Siehvatur Þjarnason VE 81 (skipaskrárnr. 2281 vegna áranna 2015 og 2017),
3. Kap VE (skipaskrárnr. 2363 vegna ársins 2015),
4. Kap II VE (skipaskrárnr. 1062 vegna ársins 2015-2018) og
5. Ísleifur VE, (skipaskrárnr. 1610 vegna ársins 2015)

Var með ákvörðunum Fiskistofu, á grundvelli reglugerða nr. 532/2015, 284/2016, 295/2017 og 351/2018, úthlutað minna aflamarki í makríl árin 2015 til 2018, en skylt var samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati dómsins.

II. Fyrirsvar og málflutningsumboð:

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ.

Fyrirsvarsmaður stefnda er fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, kt. 260170-5549.

Ragnar Halidór Hall hrl., Mörkinni lögmannsstofu hf. Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.



III. Málavextir:

1. Hinn 6. desember 2018 fíllu í Hæstarétti Íslands, dómar í málunum nr. 508/2017, Huginn ehf. gegn íslenska ríkinu og nr. 509/2017, Ísfélag Vestmannaeyja hf. gegn íslenska ríkinu.
2. Með dómunum var viðurkennt að stefndi, íslenska ríkið, beri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem Ísfélagið og Huginn kynnu að hafa beðið vegna þess að nánar tilgreind skip í eigu fyrirtækjanna voru á árunum 2011 til 2014 með ákvörðunum Fiskistofu, sem tekna voru á grundvelli reglugerða, úthlutað minni aflaheimildum í makríl en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.
3. Stefnandi höfðaði sams konar mál gegn íslenska ríkinu með stefnu útgefinni 14. júní 2016. Samkomulag var um það við stefnda að það mál myndi bíða úrlausnar, þar til niðurstaða Hæstaréttar lægi fyrir í málum Ísfélagsins og Hugins.
4. Að gengnum þeim dóum var hinn 28. maí sl., gerð dómsátt milli stefnanda og stefnda í því máli, þar sem stefndi viðurkenndi að bera skaðabótaábyrgð á því fjártjóni, sem stefnandi kunni að hafa beðið vegna þess að nánartilgreindum skipum í eigu stefnanda var úthlutað minni aflaheimildum í makríl en skylt var skv. lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. dskj. nr. 3. Í sáttinni var síðan vísað til dóma Hæstaréttar í málum Hugins og Ísfélagsins. Stefnandi setti inn fyrirvara þess efnis að sáttina væri ekki hægt að túlka með þeim hætti að með gerð hennar hefði stefndi viðurkennt að stefnandi hefði orðið fyrir fjártjóni.
5. Til að gæta þess að skaðabótkakröfur vegna áranna 2015 og áfram fyrnist ekki er mál þetta höfðað sem viðurkenningarmál, en stefnandi hyggst gefa út stefnu í framhaldinu á hendur stefnda til greiðslu skaðabóta vegna þess fjártjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna þess að skipum stefnanda var úthlutað minni aflaheimildum í makríl á árunum 2011 til og með 2018, en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. og tilgreinda dóma Hæstréttar Íslands.
6. Að öðru leyti eru atvik málsins þau að fiskiskip stefnanda, sem tilgreind eru í dómkröfu (hér eftir nefnd „skip VSV“), hafa stundað makrílveiðar í efnahagslögsögu Íslands og á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu, frá því skipulegar veiðar á makríl hófust hér við land.
7. Makríll er skilgreindur sem deilistofn, þ.e. stofn sem veiðist bæði innan og utan efnahagslögsögu Íslands. Makrílveiðar íslenskra skipa innan efnahagslögsögunnar voru frjálsar fram til ársins 2008, en það ár voru veiðarnar í fyrra sinn takmarkaðar við tiltekið magn (heildarafla) á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, með reglugerð nr. 863/2008 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa utan lögsögu árið 2008.
8. Frá árinu 2009 hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gefið út reglugerðir ár hvert um stjórn makrílveiða íslenskra skipa, sem hafa kveðið á um tiltekinn heildarafla íslenskra skipa í makríl. Reglugerðirnar hafa tekið bæði til veiða í íslenskri lögsögu og á alþjóðlega hafsvæðinu.
9. Árið 2015 gaf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra út reglugerð nr. 532/2015 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2015. Þar var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl fyrir árið 2015 ákveðinn 172.979 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2015 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var



Mörkin lögmannsstofa hf.

úthlutað 120.795 lestum (skv. vef Fiskistofu 124.219 lestir). Með þessum hætti var því um 70% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu, þ.e. þeirra skipa sem fyrst hófu veiðar á makríl.

10. Með reglugerð nr. 284/2016 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2016 var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl ákveðinn 153.288 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2016 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var úthlutað 105.863 lestum. Með þessum hætti var því um 72% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu.
11. Með reglugerð nr. 295/2017 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2017 var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl ákveðinn 168.004 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2017 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var úthlutað 109.972 lestum. Með þessum hætti var því um 66% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu.
12. Með reglugerð nr. 351/2018 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2018 var leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl ákveðinn 132.137 lestir. Leyfilegum heildarafla ársins 2018 var skipt niður á fjóra flokka skipa. Skipum sem höfðu veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 var úthlutað 86.652 lestum. Með þessum hætti var því um 65% leyfilegs heildarafla úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu.
13. Reglugerðirnar voru settar samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.
14. Samkvæmt gögnum Fiskistofu hánuðu veiðar íslenskra skipa á makríl 36.510 tonnum árið 2007, 112.336 tonnum árið 2008, 116.151 tonnum árið 2009 og 120.853 tonnum árið 2010, sbr. dskj. nr. 4. Árin 2008-2010 veiddu skip VSV 9,97% af veiddum heildarafla íslenskra skipa á því tímabili, sem eru þrjú bestu veiðitímabil skipa VSV síðustu sex árin fyrir 2011.
15. Fiskistofa ákvarðaði aflamark skipa VSV í samræmi við þá forskrift sem ákveðin var í ofangreindum reglugerðum ráðherra. Í samræmi við þær var skipum VSV úthlutað um 8,52% af heildaraflanum árið 2015 eða aflamarki sem nemur 14.739 tonnum, 8,5% árið 2016 eða 13.030 tonnum, 8,06% árið 2017 eða 13.535 tonnum og 8,07% árið 2018 eða 10.665 tonnum.
16. Starfsmaður stefnanda, Ólafur Elísson, löggtiltur endurskoðandi, hefur reiknað út fjártjón stefnanda vegna skertra aflaheimilda í makríl á árunum 2011-2014 og 2015-2018, með hliðsjón af dóum Hæstaréttar. Í samantektum hans frá júní 2019, sbr. dskj. nr. 5 og 6, er mögulegt fjártjón stefnanda fundið þannig að reiknaður er út hagnaðarmissir stefnanda sökum þess að aflaheimildir í makríl voru ekki hlutdeildarsettar árið 2011, eins og Hæstiréttur hefur staðfest að hafi átt að gera. Í því skyni áætlar Ólafur Elísson þann hagnað sem stefnandi hefði hlutið ef aflamarki hefði verið úthlutað miðað við að makríl hefði verið hlutdeildarsettur og aflamarki úthlutað miðað við aflahlutdeild sem miðuð væri við þrjú bestu veiðitímabil einstakra skipa á undangengnum sex veiðitímabilum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og dóma Hæstaréttar. Er þá miðað við veiddan afla á þremur bestu veiðitímabilum skipa VSV á árunum 2006 til 2010, heildarafla þessara þriggja tímabila lagður saman fyrir skip VSV og hlutdeild þess í heildarafla tímabilsins þannig fundin. Þannig er fundið út hver aflahlutdeild



Mörkin lögmannsstofa hf.

skipa VSV hefði að réttu lagi átt að vera árið 2011, ef makrílstofninn hefði verið hlutdeildarsettur samkvæmt framansögðu. Gert er ráð fyrir að sú aflahlutdeild hefði svo haldist óbreytt á milli ára frá árinu 2011, svo sem lög kveða á um. Samkvæmt framangreindum forsendum er það niðurstaða samantektar Ólafs að hagnaðarmissir stefnanda á árunum 2015-2018 geti verið a.m.k. 758 m.kr.

17. Í útreikningum Ólafs er við mat á hagnaðarmissi stefnanda stuðst við jaðarframlegð makríls hjá stefnanda, fyrir hvert ár á tímabilinu 2015 til 2018, byggð á upplýsingum og gögnum úr fjárhagsbókhaldi stefnanda. Jaðarframlegð eru tekjur sem áætlað er að hver viðbótareining af makríl hefði skilað félaginu. Þi að áætla jaðarframlegð er breytilegur kostnaður dreginn frá tekjum hvers skilgreinds tímabils eftir deildum félagsins. Með auknum aflaheimildum er ljóst að jaðarframlegð er hærri en meðalframlegð.
18. Sé aflahlutdeild skipa VSV reiknuð út þannig að hún hefði átt að grundvallast á aflareynslu miðað við þrjú bestu veiðitímabil skipsins á undangengnum sex veiðitímabilum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og forsendur í dóum Hæstaréttar í málum Hugins og Ísfélagsins hefði aflahlutdeild skipa VSV átt að verða 9,97% öll árin 2015 til 2018. Árið 2015 nemur skert aflahlutdeild stefnanda því um 1,45%, sem samkvæmt framangreindum forsendum leiðir til hagnaðartaps sem áætlað er 102.308 þús. kr. Árið 2016 er skerðingin 1,47% og áætlað hagnaðartap 165.436 þús. kr., árið 2017 1,91% og áætlað hagnaðartap 220.661 þús. kr. og árið 2018 1,9% og áætlað hagnaðartap 270.151 þús. kr., sbr. dskj. nr. 6. Heildarhagnaðarmissir stefnanda á árunum 2015-2018, samkvæmt framansögðu, telst því kr. 758.558 þús. kr.
19. Á dskj. nr. 7 er að finna staðfestingu á því að skip VSV veiddu makríl á þeim árum, sem mál þetta nær til og á dskj. nr. 8 er yfirlit yfir heildarveiði á makríl á þessum árum.
20. Stefnandi takmarkaði tjón sitt að skerðingum hiutdeiðar sinnar í flokki veiðireynsi skipa með því að sækja um úthlutun fyrir önnur skip en þau sem höfðu veiðireynslu, þ.e. ísfisk- og vinnsluskip. Þetta þýðir að ef ekki hefði verið sótt um úthlutun á þessi skip hefði hagnaðarmissirinn orðið meiri en ella. Stefnandi þurfti hins vegar að leggja út í auknar fjárfestingar til að verja stöðu sína með þessum hætti og fjárfesti m.a. fiskiskipinu í Gandí VE 171 (skipaskrárnr. 2702) sem svo þurfti að leggja þar sem örar breytingar á úthlutunarreglum í vinnsluskipaflokki leiddu til þess ekki var lengur rekstrargrundvöllur fyrir útgerð skipsins. Auk þess skilaði útgerð annarra skipa en uppsjávarsíkipa á makríl ekki hagnaði en hægt var að halda uppi vinnslu og anna eftirspurn kaupenda með því að gera skipin út.
21. Stefnandi telur sig samkvæmt framansögðu hafa orðið fyrir tjóni og er hann því knúinn til að höfða viðurkenningarmál þetta á hendur stefnda, samhlíða því sem hann áskilur sér rétt til að höfða dómsmál vegna beins fjártjóns, sem af þessum rástöfunum stefnda hefur hlotist.

IV. Málsástæður og lagarök

22. Þess er krafist að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda á fjártjóni stefnanda sem leiddi af því að fiskiskipum stefnanda, Kap VE 4 (skipaskrárnr. 1742 vegna áranna 2016 - 2018), Sighvatur Bjarnason VE 81 (skipaskrárnr. 2281 vegna áranna 2015 og 2017), Kap II (skipaskrárnr. 1062 vegna áranna 2015-2018), Kap VE (skipaskrárnr. 2363 vegna ársins 2015), og Ísleifur VE, (skipaskrárnr. 1610 vegna ársins 2015) var með ákvörðunum Fiskistofu, á grundvelli reglugerða nr. 532/2015, 284/2016, 295/2017 og 351/2018, úthlutað minna



Mörkin lögmannsstofa hf.

aflamarki (kg.) í makríl árin 2015 til 2018, en skyld var samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. og niðurstöðu Hæstaréttar í málunum nr. 508 og 509/2017.

23. Stefnandi höfðar mál þetta sem viðurkenningarmál samkvæmt heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með vísan til tilgreindra dóma er byggt á því að lögvarðir hagsmunir sé til staðar og nægar líkur hafi verið að því leiddar að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Framlögð gögn sýna einnig að stefnandi hefur orðið fyrir verulegu fjártjóni vegna skertrar aflahlutdeilda á árunum 2015-2018 og er það tjón grundvöllur kröfugerðar stefnanda í þessu mál. Stefnandi áskilur sér rétt til að höfða skaðabótamál vegna beins fjártjóns í framhaldi af dómi þessu mál og dómkveðja matsmenn ef þurfa þykir. Telur stefnandi augljóst að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu dómsins um dómkröfur sínar.

Um úthlutun árið 2015 til 2018 og meint tjón stefnanda.

24. Stefnandi byggir á því að úthlutun veiðiheimilda til makrílveiða til skipa VSV árin 2015-2018, hafi verið of lítil enda bar stefnda að hlutdeildarsetja makrílstofninn þegar á árinu 2011, sbr. dóma Hæstaréttar í áðurgreindum málum Hugins og Ísfélagsins. Eins og fyrr greinir hefði hlutdeildarsetning það ár falið í sér að hlutdeild skipa stefnanda í leyfilegum heildarafla hefði verið fastsett og hún þar með orðið hærri en raunin varð, bæði árið 2015 og árin á eftir. Telur stefnandi að hinir tilvitnuðu dómar Hæstaréttar hafi beint sönnunargildi um þetta. +

25. Stefnandi byggir á því að ákvæði laga nr. 151/1996 gildi um makrílveiðar íslenskra skipa innan og utan íslenskrar lögsögu. Reglur ráðherra verði að vera í samræmi við lögini. Svo hafi ekki verið allt frá árinu 2011, þ.m.t. á árunum 2015-2018, sem mál þetta nær til. Með reglugerðum var tekin ákvörðun um að takmarka heiðarafla úr makrílstofninum, en veiðireynsia var orðin samfelld árið 2011. Samkvæmt 1. málslíð 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 gildi sú regla að sé tekin ákvörðun um að takmarka heiðarafla úr stofni, sem um ræðir í 1. mgr. lagagreinarinnar og samfelld veiðireynsla sé á, skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Það hafi ekki veri gert, sem fól í sér að stefnanda var úthlutað minni aflaheimildum, en hann átti rétt til. Það hafi valdið stefnanda tjóni, sem stefndi beri ábyrgð á. Þegar og af þeirri ástæðu beri að taka dómkröfur stefnanda til greina.

26. Samkvæmt tilgreindum dóum bar ráðherra að tryggja að við úthlutun á aflahlutdeild í makríl frá og með árinu 2011 yrði aflahlutdeild einstakra skipa stefnanda ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabilin á undangengnum sex árum, enda var þá komin á samfelld veiðireynsla á makrílveiðum í skilningi laga. Aflahlutdeild skipa VSV miðað við þrjú bestu veiðitímabilin fyrir 2011 nemur 9,97%. Stefnanda bar því að réttu lagi við úthlutun áranna 2015 til 2018 að haga úthlutun í makríl þannig að hlutdeild stefnanda í leyfilegum heildarafla yrði sú hlutdeild en ekki á bilinu 8,06% til 8,52% eins og gert var. Fól þetta í sér skerðingu á aflahlutdeild upp á 1,45% til 1,91% eða 2.253 til 3.215 tonn, sbr. framangreint og nánari sundurliðun á dskj. nr. 6.

27. Með tilgreindum dóum Hæstaréttar var niðurstaðan sú að stefndi bæri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem kynni að hafa orðið vegna þess að úthlutað var minni aflaheimildum. Í því felst að háttsemi stefnda var saknæm og ólögmæt í skilningi reglna skaðabótaréttar, og þess



28. Stefnandi byggir á því að sú staðreynsd að úthlutun aflahlutdeilda í makríl til stefnanda varð minni en ef hún hefði byggst á veiðireynslu skipa hans svo sem lagaskyldu bar til hafi leitt til stórfellds fjártjóns í formi hagnaðarmassis vegna skertrar aflahlutdeilda, sem er að lágmarki u.p.b. 758.558 þús. krónur vegna alls tímabilsins 2015-2018. Telur stefnandi þannig engum vafa undirorpíð að saknæm og ólögmæt háttsemi stefnda hafi valdið sér stórfelldu fjártjóni sem teljist sennileg afleiðing háttseminnar. Um útreikning vísað til þess sem hér hefur verið rakið. Áskilinn er réttur til að koma með nýjan útreikning á síðari stigum, þ.m.t. hærri fjárhæð.
29. Stefndi ber skaðabótaábyrgð á því fjártjóni stefnanda sem af þessu hárteini hlaust.

V. Tilvísanir til laga og annarra réttarheimilda

30. Skaðabótakrafa stefnanda er reist á almennum reglum skaðabótaréttar. Þá er byggt á reglum stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar um að stjórnvaldsathafnir þurfi að byggjast á lögum og vera í samræmi við lög, þ.á m. að byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Einnig er byggt á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og meginreglna íslensks réttar um fordæmisáhrif dóma. Um varnarþing málsins vísað til 3. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um heimild til að krefjast viðurkenningardóms vísað til 2. mgr. 25. gr. þeirra laga. Krafa um málskostnað byggist á 130. gr. sömu laga.

VI. Sönnunargögn:

31. Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram skjöt sem slyðja framangreindu málsatvikalýsingu. Meðal gagna málsins eru samantekir sem unnar eru af starfsmanni stefnanda, Ólafi Elíssyni löggiltum endurskoðanda og yfirlit yfir úthlutun aflaheimilda frá Fiskistofu.
32. Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn og/eða dómkveðja matsmenn undir rekstri málsins eða höfða nýtt mál, sem tekur til fjártjóns stefnanda vegna áranna 2011 til 2018, ásamt því að kalla aðila og vitni til skýrslutöku fyrir domi eftir því sem ástæða er til og málsástæður stefnda kunna að gefa tilefni til.

VII. Fyrirkall og áskorun um þingsókn:

Samkvæmt framangreindu stefnist hér með Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, til heimilis að Bakkaflöt 2, Garðabæ, f.h. íslenska ríkisins, til að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, Dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, þriðjudaginn 10. september 2019 kl. 10:00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dom lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má hann búast við því að útvistardómur gangi í málín.

Stefnufrestur skal vera 3 sólarhringar.



Mörkin lögmannsstofa hf.

Reykjavík, 13. júní 2019

f.h. stefnanda,

R.H. Ragnar Halldór Hall, hrl.
R.H. Ragnar Halldór Hall, hrl.

Mér nægilega birt, f.h. stefndu, sem hafa falið mér að sækja þing við þingfestingu málsins og halda uppi vörnum. Hef móttekið samrit stefnu.

Reykjavík 13/6 2019
f.h. stefndu,

*Fannay Rós Þorsteinsd. nsl.
v/Kínas Karls Hallvarðss. flúistlögm.*

